

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Skólanefnd Framhaldsskóla – fundur 21. október 2008, kl 12:05.

Mætt: Elliði Vignisson, Sigurhanna Friðþórsdóttir, Gunnar Friðfinnsson, Hjalti Pálsson og Ólafur H. Sigurjónsson.

Fundargerð síðasta fundar samþykkt með lítilsháttar breytingu.

1. Skólastarfið hefur gengið sinn vanagang frá síðasta fundi. Við höfum fengið nokkrar heim-sóknir, fulltrúar skóla og bæjar á Sauðárkróki voru hér á ferð um miðjan september og kynntu sér meðal annars Fab Lab verkefnið. Við það tækifæri var handsalaður samstarfssamningur milli FÍV og FNV um þróun Fab Lab áfanganna. Fulltrúar frá Götu í Færeyjum komu og skoðuðu skólann 17. sept. Sömu erinda komu samstarfsfólk grunnskólans í Comeniusar verkefni, 14. sept. Aðalheiður formaður félags framhaldsskólakennara kom og hélt fund með kennurunum 23. sept. Þann 29. sept komu gestir frá bandaríska sendiráðinu og voru með kynningu á ameríska kosningakerfinu og sama dag var kynningarfundur í skólanum fyrir foreldra nýnema, þar sem meðal annars var kynnt starfsemi foreldra og hollvinafélags FÍV. Þjóðleikhúsið kom 8. okt, með leiksýninguna “Sá ljóti” og fylltu nemendur okkar bæjarleikhúsið tvisvar. Dagana 6. – 10. okt. voru Ragnar Óskarsson og Gunnar Friðfinnsson ásamt 4 nemendum í Póllandi, á vinnuráðstefnu vegna EYE-blogg verkefnisins. Tungumálakennarar skólans taka nú þátt í svonefndu vettvangs-námi og var fyrsta námslotan 19. – 20. sept, en auk þess hittast þau hér í skólanum alla föstudaga eftir kennslu. Stjórnendur hafa fundað með samstarfsaðilum um köfunaráfangan, vegna skóla-skips og raunfærnimats og 26. sept var almennur kennarafundur. Auglýst hefur verið eftir nýjum námsráðgjafa í 60% starf frá áramótum. Nýr námsvísir kemur væntanlega út í lok október. Vetrarfrí var í skólanum 13. október.

2. Ný viðfangsefni. Ný lög um framhaldsskóla og menntaverkefni sem tengjast mótvægis-aðgerðum ríkisstjórnarinnar hafa mikil áhrif á skólastarfið og forgangsöröðun verkefna næstu tvö árin. Framhaldsskólalögin leggja þær skyldur á skólana, að endurskoða skólanámskrá, námsbrautir og áfangalýsingar, sem er mikið verk. Við höfum leitað eftir samstarfi við aðra skóla og þegar menntamálaráðuneytið hefur lokið samningu reglugerða og viðmiðunarramma sem nauðsynlegir eru, þá getur þessi vinna hafist fyrir alvöru. Við erum jafnframt opin fyrir því að fá til liðs við okkur alla þá sem nýst geta í þessari vinnu. Til stóð að fara í stefnumótunarvinnu með Ingibjörgu Þórhallsdóttur, en ákveðið var, í samráði við hana, að fresta því um óákveðinn tíma. Líklegt má telja að þegar endurskoðun námskrár og brauta er farin vel af stað, þá henti ágætlega að huga að stefnumótuninni. Rætt var um hugsanleg áhrif kreppunnar á aðsókn að skólanum.

3. Yfirlit verkefna tengdum mótvægisáðgerðum var afhent fundarmönnum og farið var yfir stöðu og umfang verkefnanna, NMÍ sér um verk- og fjárhagsbókhald. Einnig var lagt fram yfirlit um ráðstöfun fjár í átaksverkefni, en ekki hefur verið ráðstafað nema rúml. einni milljón (af 15 millj), auk nokkurra vinnulauna sem ekki hafa enn verið færð á þessi verkefni.

Fleira ekki gert, fundi lauk 13:10. Næsti fundur verður þriðjudag 18. nóvember kl 12:05.

Ólafur H. Sigurjónsson